

Aðalfundur 9. mars 2025

Mæting: Bryndís, Elisabeth, Elísabet Jóns, Elísabet Rakel, Fanney, Frida, Kjartan og Þorbjörg

Fundarstjóri: Elísabet Rakel

Ritari: Kjartan

Fundur byrjar 15:20

Fundur metinn löglegur þar sem ekki stendur hversu margir þurfa að mæta og reglum um auglýsingar var fylgt eftir og fundur auglýstur tveimur vikum áður, 22. febrúar, bæði á samfélagsmiðlum og í gegnum tölvupóst.

Skýrsla stjórnar lögð fram: Við dreifðum u.þ.b. 160 upplýsingabæklingum á bókasöfn á Höfuðborgarsvæðinu sem prentaðir voru af Samtökunum '78 fyrir okkur. Formaður skrifaði grein í blað Hinsegin daga og stjórnin skrifaði grein í sameiningu fyrir Gay Iceland. Alls voru 12 hittingar á árinu, einn mánudag hittingur féll niður vegna veikinda en það var hist á laugardegi í október. Ný síða var tekin í gagnid á Bluesky og við spöruðum 16.64% á að borga fyrir Gsuite árlega í stað mánaðarlega. 21 einstaklingar formlega skráðir í félagið, þar af 18 sem greiddu gjöld 2024 og 2025. 156 meðlimir eru í lokuðum Facebook hóp, 531 fylgjendur á Facebook síðu og 116 fylgjendur á Instagram síðu.

Við höfum ekki orðið vör við viðbrögðum við bæklingum en þeir eru samt teknir af bókasöfnum og kominn tími á að setja nýja.

Frida benti á að það verður listamarkaður LGBTQIA+ í Grófinni 29. mars og við gætum tekið þátt í Zimsen húsi eftir markaðinn.

Reikningar í smá ólagi en því var kippt í liðinn á fundi. Við áttum 110,810 krónur á reikningi í lok árs 2023 en eyddum meira en við fengum inn. Við tókum ekki þátt í Gleðigöngu og fengum því ekki styrk frá Hinsegin dögum sem getur skipt máli fyrir svona lítið félag.

Ákveðið var að hafa sér fund fyrir Hinsegin daga á þessu ári en formaður vill ekki taka að sér umsjón þeirra að þessu sinni. Hugmyndir uppi um að fá bíl því það gæti auðveldað sumum félögum að taka þátt. Ætlum að hafa samband við Garðlist til að kanna málin. Þyrftum að redda bílstjóra ef við fáum stærri bíl.

Engar lagabreytingar bárust stjórn en hugmyndir uppi fyrir lagabreytingar á næsta ári.

Elísabet Jónsdóttir sagði sig úr stjórn og Bryndís Súsanna tók við, að öðru leyti er stjórn eins.

Félagsgjöld verða þau sömu og áður, 1000 krónur árið. Ætlum að breyta orðalagi í "Frjáls framlög velkomin".

Fundi lokið 16:15